

Reglur um afslátt af fasteignaskatti í Húnavatnshreppi

1.gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Húnavatnshreppi er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- a) Ellilífeyrisþegar 67 ára á álagningarárinu eða eldri, eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- b) Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c) Viðkomandi búi í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi aðili á öldrunarstofnun og að íbúð í eigu hans sé ekki leigð út eða nýtt af skyldmendum.
- d) Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3.gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttar vélrænt á vef Ríkisskattstjóra í gegnum álagningarkerfi Fasteingaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

4.gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 58.600.- Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5.gr.

Fullur afsláttur er kr. 58.600-

Einstaklingur með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.662.000- fá 100% afslátt

Einstaklingur með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.421.000- fá 0% afslátt

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 4.090.000- fá 100% afslátt

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 5.349.000- fá 0% afslátt

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

6. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps þann 28. nóvember 2018.


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

